

# Fundargerð 467. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, mánudaginn 11. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Elliði Vignisson, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri og Gréta Mar Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Kosninga varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2024-2026 - 2211001HA**

Lagði formaður til að Pétur Ólafsson yrði gjaldkeri og Alexandra Jóhannesdóttir varaformaður.

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Fundargerð seinasta fundar - 2401001HA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 466. fundar Stjórnar hafnasambandsins frá 23. október 2024 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**3. Fundargerð Hafnasambandsþings - 2210002HA**

Lögð fram drög að fundargerð Hafnasambandsþings sem haldið var á Akureyri 24.-25. október 2024.

*Starfsmanni falið að ganga frá fundargerðinni og leggja hana aftur fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.*

**4. Fundaáætlun 2025 - 2211001HA**

Lögð fram starfsáætlun stjórnar Hafnasambands Íslands fyrir árið 2025.

*Starfsáætlun samþykkt með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum. Jafnframt samþykkt að Hafnafundur 2025 verði haldinn 25.-26. september 2025 í Ólafsvík.*

**5. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA**

Skjal með yfirskriftinni, Helstu verkefni og stefnumörkun fyrir stjórn Hafnasambandsins 2024-2026, var lagt fram til umræðu.

*Lagt fram til umræðu og kynningar. Verður rætt frekar og afgreitt á næsta stjórnarfundum.*

**6. Tillaga að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2025 - 2411002HA**

Lögð fram tillaga að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2025 í Ólafsvík.

*Samþykkt að tilnefna Björn Arnaldsson, Alexöndru Jóhannesdóttur og Dóru Björk Gunnarsdóttur í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2025.*

Elliði Vignisson kom inn á fundinn kl. 11:20

**7. Ályktun 44. Hafnasambandsþing 2024 - 2210002HA**

Lögð fram til kynningar ályktun 44. Hafnasambandsþing 2024 sem hefur verið send út á fjölmiðlar og hlutaðeigandi stjórnvöld.

**8. Siglingaráð - 2410005HA**

Lagt fram erindi frá innviðaráðuneytinu, dags. 10. október 2024, þar sem óskað er eftir tilnefningu Hafnasambands Íslands í fagrað um siglingaráð. Tilnefna þarf einn aðalfulltrúa og annan til vara. Skipunartími er til og með 9. nóvember 2028.

*Stjórnin tilnefnir Björn Arnaldsson og Alexöndru Jóhannesdóttur til vara.*

Hanna Björg Konráðsdóttir mætti á fundinn kl. 11:25

**9. Erlend samskipti Hafnasambandsins - 2410006HA**

Framhald af umræðu síðan á 466. stjórnarfundum Hafnasambands Íslands dags. 23 október 2024

*Stjórn sammála um að halda góðum samskiptum við norræn hafnasambönd. Gunnar Tryggvason mun funda með þeim sem fulltrúi stjórnar.*

**10. Öryggisnefnd tilnefningar - 2410002HA**

Tekin upp að nýju umræða um að stofna faghóp fyrir hafnsögumenn og skipstjóra, sem áður var á dagskrá stjórnar hafnasambandsins 23. október 2024, en þá var ákveðið að óska eftir fulltrúum í slíkan hóp og taka málið aftur upp á næsta fundi.

*Stjórnin samþykkti að tilnefna eftirfarandi aðila í faghópinn:*

*Faxaflóahafnir: Jón Elías Gunnlaugsson*

*Vestmannaeyjahöfn: Gísli Valur Gíslason*

*Hafnasamlag Norðurlands: Jóhannes Antonsson*

*Hafnarfjarðarhöfn: Ágúst Ingi Sigurðsson*

*Fjarðabyggðarhafnir: Ingvi Rafn Guðmundsson*

*Ísafjarðarhafnir: Hagbarð Marinósson*

*Porlákshafnarhöfn: Rúnar Guðmundsson*

*Jón Elías Gunnlaugsson er skipaður formaður nefndarinnar og falið að boða til fyrsta fundar.*

- 11. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. - nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl. - óskað umsagnar - 2410003HA**  
Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands dags. 29. október 2024, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.)
- 12. Öryggisúttekt - 2312002HA**  
Lagt fram að nýju bréf Hafnasambands Íslands til Innanríkisráðuneytisins, dags. 5.janúar 2024, um öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við strendur Íslands.  
*Stjórn samþykkir að ítreka erindi sitt til innanríkisráðuneytis frá 5. janúar sl. um öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við strendur landsins.*
- 13. Þjónustumál við Hafnasambandið - 2211001HA**  
Rætt um þá þjónustu sem Hafnasamband Íslands er að kaupa af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 12:15